

**Ed.**

**1047. Frumvarp til laga**

**[360. mál]**

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Í stað „þéttbýli“ í fyrirsögn á undan 23. gr. komi: þéttri umferð.

2. gr.

2. mgr. 64. gr. falli niður.

3. gr.

Við 65. gr. bætist ný málgrein, svohljóðandi:

Fela má hlutafélagi, sem ríkissjóður á hlut í, að annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, sbr. 1. mgr., enda verði settar upp skoðunarstöðvar í öllum kjördæmum landsins. Tekur hlutafélagið þá við hlutverki Bifreiðaeftirlits ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra sem einnig fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

4. gr.

108. gr. breytist þannig:

a. a- og b-liðir 1. mgr. orðist svo:

a. ákvæðum 4. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 27. gr.,

b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 1. mgr. 28. gr.

b. Í stað 3. másl. 3. mgr. komi: Hann getur og ákveðið, að ósk sveitarstjórnar, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélagsins. Rennur gjaldið þá í sveitarsjóð og skal því varið til að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.

c. Í stað 5. og 6. mgr. komi:

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%.

5. gr.

6. mgr. 110. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að fenginni ósk sveitarstjórnar, að framkvæmd ákvæða í grein þessari fari, eftir því sem við á, að öllu leyti eða að hluta fram á vegum sveitarfélagsins. Hann getur og sett nánari reglur um framkvæmdina, þar á meðal um greiðslu geymslukostnaðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.